

Rétturinn til heilbrigðis og öryggis á vinnustað - hollráð fyrir ungt fólk

Evrópska vinnuverndarstofnunin (European Agency for Safety and Health at Work)

Ef þú verður fyrir slysi eða heilsutjóni á vinnustað gætir þú þurft að búa við það alla þína ævi og það er ekkert spaug. Á þessu staðreyndablaði er að finna upplýsingar um bæði réttindi þín og ábyrgð. Á öðru staðreyndablaði er fjallað um hættur sem þú ættir að vera á verði gagnvart.

Hvað er eiginlega málið?

Fram kemur í evrópskum tölfræðilegum upplýsingum að 50% meiri líkur eru á að ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára slasist við vinnu sína en nokkur annar aldurshópur vinnandi fólks. Hundruð þúsunda ungs starfsfólks um Evrópu alla verður fyrir slysum og heilsutjóni árlega. Það dapurlega er að margir týna lífinu og að sumir lifa jafnvel ekki af fyrsta daginn í nýju starfi. Með tímanum koma svo í ljós aðrir atvinnutengdir sjúkdómar og vandamál, til dæmis krabbamein, sjúkdómar í baki og heyrnartjón. Hægt er að langmestu leyti að koma í veg fyrir þetta heilsutjón. Þegar ungt fólk byrjar í nýrri vinnu er það í sérstakri hættu ef það hefur ekki öðlast fullnægjandi andlegan eða líkamlegan þroska. Ákveðnar reglur banna þar að auki ungmennum undir 18 ára aldri að vinna ákveðin hættuleg störf.

Ef þú ert auk þess byrjandi í starfinu og nýliði á vinnustaðnum skortir þig bæði starfsreynslu og skilning á því sem ógnað getur heilbrigði þínu og öryggi þar, hvað atvinnurekandi þinn gæti gert við vandanum og hvernig þú ættir að bregðast við. Almenn skynsemi kemur sér mjög vel við átta sig á mögulegum hættum og öruggum vinnuaðferðum en það þarf meira að koma til, svo sem eftirtekt, þjálfun og reynsla. Þú hefur rétt til að gera athugasemdir við það sem þér sýnist geta verið hættulegt og valdið þér heilsutjóni en kannski skortir þig áráði til þess að segja það eða að þú sættir þig við ástandið vegna þess að þú vilt sanna fyrir atvinnurekanda þínum og starfsfélögum að þig skorti ekki kjark.

Bara tölur?

17 ára gömul stúlka missti framan af fingri eftir aðeins einnar klukkustundar vinnu í sumarleyfisstarfi sínu. Fingur hennar klemmdust illa í vél í bakaríinu þar sem hún vann. Sjálfvirka öryggishlífin var biluð, tilkynnt hafði verið um bilunina en engin skipulögð viðhaldsáætlun var til staðar, stúlkan hafði ekki fengið viðeigandi þjálfun í að nota tækið og yfirmaður hennar vissi ekki að hún vann við einmitt þessa vél.

18 ára starfsmaður við húsbyggingu lést af meiðslum eftir að hafa fengið yfir sig 750 kílóa hleðslu úr 5 metra háum byggingakrana. Ungir starfsmenn fengu hvorki fullnægjandi fyrirmæli né þjálfun og fyrirtækið tók viðeigandi öryggisráðstafanir ekki sérstaklega alvarlega.

Mikilvæg mál

Heilbrigðis- og öryggismál snúast ekki bara um heimskulegar og leiðinlegar reglur. Þeim er ætlað að tryggja öryggi þitt og heilbrigði núna og til framtíðar svo þú getir notið lífsins til fullnustu. Enginn á að þurfa að hætta lífi sínu og limum í vinnunni.

En það er ekki nóg að tryggja eigið öryggi og heilbrigði, þú þarft líka að kunna til verka án þess að stefna samstarfsfólki þínu í hættu. Hvernig myndir þú taka því ef til þess kæmi að þú bærir ábyrgð á alvarlegu slysi starfsfélaga vegna einhvers sem þú gerðir, jafnvel þótt sökin væri ekki þín?

Þess vegna er nauðsynlegt að þekkja til heilbrigðis- og öryggismála á vinnustað, vita hvað atvinnurekandanum ber skylda til að gera þér til verndar, hvað þú átt sjálf(ur) að gera og hvaða réttinda þú nýtur.

Stjórnandi þinn ber ábyrgð á öryggi þínu

Öllum atvinnurekendum ber bæði lagaleg og siðferðisleg skylda til þess að vernda þig. Þeir eiga að greina þætti sem ógna heilbrigði og öryggi starfsfólksins, meta áhættur og grípa til forvarnaaðgerða. *Hætta* er hvaðeina það sem valdið getur sjúkdómum eða slysum. *Áhætta* er líkurnar á að það geti gerst. Flest slys og óhöpp má rekja til þess að áhætta var ekki metin á fullnægjandi hátt eða þá að ekki var gripið til aðgerða gegn henni. Meðal þess sem bregðast þarf við eru hávaði, meðferð efna, þungar byrðar, dráttarvírur, daglangar setur við tölvuskjái eða önnur einhæf störf og jafnvel einelti af hálfu stjórnenda eða samstarfsfólks. Atvinnurekendum ber einnig skylda til að huga sérstaklega að öryggi starfsmannahópa sem gætu verið í sérstakri hættu, þar með talið ungt fólk. Þeim ber til dæmis að setja þig til verka sem þú hefur forsendur til að ráða við og að tryggja að þú fái fullnægjandi verkstjórn.

Sértækar aðgerðir til verndar ungmönnum undir 18 ára aldri

Sérstakar reglur nr. 426/1999 gilda á Íslandi um vinnu fólks undir 18 ára aldri

Þú mátt til dæmis ekki vinna störf sem:

- eru þér ofviða, líkamlega eða andlega,
- gera að verkum að þú komist í snertingu við eiturefni eða krabbameinsvalda,
- gera að verkum að þú getir orðið fyrir geislun,
- fela í sér mikinn hita, hávaða eða titring,
- fela í sér áhættu vegna reynslu- eða þjálfunarleysis eða vegna þess að þú gætir ekki nægjanlega að öryggi þínu og heilbrigði

Ákveðnar undanþágur eru þó veittar ef þú hefur lokið grunnskóla, starfið er nauðsynlegt vegna iðnnáms þíns, þú nýtur viðeigandi verkstjórnar og atvinnurekandi þinn getur tryggt þér fullnægjandi vernd gegn hættum og heilsutjóni.

Á staðreyndablaðinu „Öryggi ungs fólks á vinnustað“ er að finna nánari upplýsingar um takmarkanir vegna verkefna, aldurs og vinnutíma auk strangra aldursreglna vegna vinnu í sumarleyfum eða með skóla. Þær eiga við þá sem enn eru á grunnskólaaldri og hafa leyfi til að vinna.

Kýldu á það og kynntu þér réttindi þín

Þú hefur rétt á:

- að vita hvaða hættur eru til staðar á vinnustað þínum, til hvaða ráðstafana þú þarft að grípa til að tryggja öryggi þitt og hvað þér ber að gera verði slys eða neyðarástand skapast,
- að fá upplýsingar, kennslu og þjálfun sem lýtur að þessu, er sértæk miðað við vinnustaðinn og þér að kostnaðarlausu,
- að fá í hendur allan nauðsynlegan hlífðarbúnað þér að kostnaðarlausu,
- að taka þátt með því að spyrja spurninga, tilkynna um allar hættulegar starfsvenjur eða aðstæður og að fá leiðbeiningar frá vinnuveitanda varðandi öryggismál á vinnustað.

Ef þú ert í vafa um einhver atriði sem snúa að öryggi eða heilbrigði í starfi þínu eða verkefnum, sem þér eru falin, hefur þú rétt til þess að vekja athygli verkstjóra þíns á málinu og ber raunar skylda til þess. Þú hefur að lokum rétt til þess að neita að vinna hættuleg störf. Þú ert ekki skyldug(ur) til þess að vinna hættulegt verkefni vegna þess eins að yfirmaður þinn skipar svo fyrir eða vegna þess að allir aðrir gera það.

Kýldu á það og sýndu ábyrgð

Öryggið er ekki bara á ábyrgð atvinnurekandans og vinnan er enginn leikur. Þér ber lagaleg skylda til þess að gæta að bæði þér og öðrum og að vinna í samstarfi við atvinnurekanda þinn að vinnuverndarmálum. Þá átt til dæmis að:

- vinna samkvæmt öllum öryggisreglum, leiðbeiningum og þjálfun, þar með talin þjálfun í notkun vélbúnaðar og tækja, öryggisbúnaðar eða persónuhlífa á borð við hanska, grímur eða heyrnarhlífur,
- tilkynna verkstjóra þínum um allar hættur og heilsuspillandi þætti.

Að fá aðstoð

- Ræddu við yfirmann þinn um vandann.
- Ræddu við öryggistrúnaðarmann eða öryggisvörð vinnustaðarins eða fulltrúa verkalýðsfélagsins, sé hann til staðar.
- Ræddu við lækni, hjúkrunarfræðing eða annan heilbrigðisstarfsmann sem tengist vinnustaðnum, sé um það að ræða. Ef þú leitar til heimilislæknisins með eitthvert vandamál segðu honum þá við hvað þú starfar.
- Ræddu við foreldra þína.
- Ræddu við kennara þína ef þú í námi eða hafðu samband við þann eða þá sem skipuleggja iðnnám/starfsþjálfun þína.
- Ræddu við einhvern fullorðinn sem þú treystir.
- Leggðu fram kvörtun hjá Vinnueftirlitinu ef þörf krefur. Vinnueftirlitinu ber að gæta fulls trúnaðar.

Aflaðu þér upplýsinga um ýmsa áhættuþætti á vinnustöðum og fáðu ráðleggingar hjá Vinnueftirlitinu, verkalýðsfélögum og samtökum þeirra.